Fjölbrautaskóli
Suðurlands
Vorönn 2023

# ENSK2HC05
# Hagnýt enska

---

| Kennarar: | Magndís Huld Sigmarsdóttir og<br>Ægir Pétur Ellertsson | Sk.st. | MHS<br>ÆE |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**
Í þessum áfanga verða unnin fjölbreytt verkefni þar sem áhersla er lögð á alla færniþætti tungumálanáms þ.e. lestur, ritun, hlustun og tjáningu. Orðaforði og ritun vega þar þyngst. Nemendur eru þjálfaðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði uppbyggingu og orðaforða.

**Undanfari:** ENSK2HB05

**Þekkingarviðmið: (í lok annars þreps)** Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þjóðfélögum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál,
- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna þar sem tungumálið er notað og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu,
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða,
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega,
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu.

**Leikniviðmið:** Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður,
- lestri margs konar gerða af textum og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hverrar gerðar textinn er,
- að taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi,
- að tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið,
- að skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu.

**Hæfniviðmið:** Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna,
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt,
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra,
- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt,
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig,

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil** verður birt í Innu.

**Sérreglur áfangans:**

- ✓ Ætlast er til að nemendur fylgist stöðugt með upplýsingum í Innu, sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og beri ábyrgð á eigin námi.
- ✓ Notkun snjallsíma, spjaldtölva eða annarra tækja í kennslustundum er einungis heimil nema í tengslum við úrvinnslu verkefna í samráði við kennara.
- ✓ Nemendum sem mæta bókalausir, eða ekki með þær bækur sem á að nota hverju sinni, eiga á hættu að verða vísað úr tíma og þeir skráðir fjarverandi í Innu.
- ✓ Nemendur skulu mæta stundvíslega í alla tíma, minna kennara á viðveruskráningu í lok tíma komi þeir of seint og fylgjast með í Innu. Nemendur sem mæta 20 mínútum eftir upphaf tímans eða seinna fá skráða fjarvist í Innu.
- ✓ Skilaskylda er á öllum verkefnum. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf eða verkefni sem ekki er tekið eða skilað nema skráð viðurkennd forföll komi til (L, V eða W í Innu) og þreyta nemendur þá próf í lok annar. Nemendur sem eru fæddir 2003 eða fyrr eiga að ganga frá samningi um mætingar og verkefnaskil í upphafi annar. **ATH!** Að reglur um skilaskyldu á verkefnum og mætingu í próf/tímaverkefni gilda líka um nemendur sem eru með samning um mætingu.

**Námsefni:**

- ✓ **New Headway Upper-Intermediate. Workbook without key (5th edition)**, J.& L Soars and Joe McCaul → **ATH!** Bara kaupa vinnubókina, ekki student's book) VERÐUR AÐ VERA 5.útg!)
- ✓ **Ruth Ware**: One By One. (er til hljóðlesin á Audible en ekki á Storytel.)
- ✓ Efni frá kennara og á neti.

**Fyrirkomulag námsmats:**

| **Námsþáttur** | **Lýsing á námsmati** | **Vægi** |
|---|---|---|
| **Headway Upper-Intermediate** Workbook, 5.ed – Í Innu: meira efni tengt köflunum | 4 kaflapróf úr efni úr köflum 7-12 | 40% |
| **fimm smásögur í Innu** | Skrifleg verkefni (10%) og próf (10%) | 20% |
| Skáldssagan: **Ruth Ware: One By One** | Skrifleg verkefni og munnlegt próf | 20% |
| **Kvikmyndaverkefni** | Orðaforðaverkefni í tengslum við mynd | 10% |
| **Ritunarverkefni** | Tímaritgerð | 5% |
| **Þátttaka í kennslustundum** | Virkni í tímum og þátttaka í umræðum | 5% |

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Selfoss, 9. janúar 2023**

**Kennarar:** Magndís Huld Sigmarsdóttir og Ægir Pétur Ellertsson